



Ráðhús Reykjavíkur  
Forsætisnefnd

**Efni: Samþykktir ráða Reykjavíkurborgar**

Vísað er til bréfs borgarstjórans í Reykjavík, dags. 21. júní 2019, þar sem upplýst er um að á fundi borgarstjórna þann 18. júní 2019 hafi liður 5. fundargerðar forsætisnefndar frá 14. júní varðandi samþykkt skóla- og frístundaráð verði samþykktur.

Undirritaður vill koma því á framfæri að gerðar hafa verið breytingar á lögum um grunnskóla sem leiða til breyttrar orðanotkunar í 5. tl. 2. mgr. 3. gr. Með ákvæðinu er kveðið á um að skóla- og frístundaráð fylgist með og stuðli að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að *sérfræðisþjónustu*. Farið er fram á að orðalagi verði breytt í samræmi við orðnotkun í grunnskólalögum og viðeigandi reglugerðum með þeim hætti að fram komi eftirfarandi í 5. tl. 2. mgr. 3. gr.:

---

Fylgist með og stuðli að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að *skólaþjónustu*.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs